

Miðvikudaginn 7. nóv. 1923.

Nr. 44/1923.

Einar Arnórsson

(sjálfur)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Jón Ásbjörnsson).

Spurning um rjett fjárveitingarvaldsins 1922 til að lækka laun áfrýjanda fyrir starf hans í hinni dansk-islensku ráðgjafarnefnd.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. mars 1923: Stefndur fjármálaráðherra Íslands Magnús Jónsson f. h. ríkissjóðs á að vera sýkn af kröfum stefnandans, prófessors Einar Arnórssonar, í máli þessu. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að svo hafi umsamist með forsætisráðherra annarsvegar og áfrýjanda og samnefndarmönnum hans hinsvegar, að hver nefndarmannanna skyldi hafa 2000 króna árslaun fyrir nefndarstarfið *út kjörtímabilið*, og það verður ekki álitid að í athöfn-um fjárveitingarvaldsins fram að árinu 1922, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, felist samþykki eða loforð um greiðslu 2000 króna árslauna út kjör-tímabilið.

Að svo vöxnu máli og með því að 8. gr. tilskipunar 28. maí 1919 mælir svo fyrir að laun sambandsnefndarmannanna — en áfrýjandi og samnefndarmenn hans voru kjörnir í nefndina af Alþingi 23. september 1919 — skuli ákveðin af fjárveitingarvaldinu, sem, eins og kunnugt er, ákveður tekjur og gjöld, og þá sjerstaklega ólögmaelt gjöld, svo

sem laun nefndarmanna eru, að eins fyrir hvert fjárhagstímabil, þá þykir breyta heimild að lögum til þess að skylda ríkissjóð til að greiða áfrýjanda hærri árslaun fyrir árið 1923 en tiltekin eru af fjárveitingarvaldinu fyrir það ár, enda sjest ekki, að ríkisstjórnin hafi leitað fjárlagaheimildar fyrir launaupphæð nefndarmannanna fyrir en á Alþingi 1922, er fjárlagafrumvarpið fyrir 1923 var samþykkt á.

Það verður því að staðfesta hjeradsdóminn og þá jafnframt skylda áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Einar prófessor Arnórsson, greiði fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er upplýst í máli þessu og in confesso, að stefnandinn, prófessor Einar Arnórsson hjer í bænnum, hafi haft sæti í „Hinni dansk-íslensku ráðgjafarnefnd“ frá 31. desbr. 1918, sem stofnuð var samkvæmt 16. gr. dansk-íslenskra sambandslaga frá 30. nóvbr. s. á. og að hann ásamt hinum öðrum nefndarmönnum hafi haft að launum hvert árið 1919, 1920, 1921 og 1922, 2000 krónur auk ferðakostnaðar. Voru meðlimir íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar í fyrstu skipaðir af forsætisráðherra, en svo 23. september 1919 kosnir í hana af sameinuðu Alþingi. Árslaun nefndarmanna hjer voru í fyrstu ákveðin þannig af þáverandi forsætisráðherra, og 7. janúar 1920, er af honum gefin út svolátandi útgjaldaskipun til ríkisfjehirðis:

„Hjermeð er lagt fyrir yður, herra ríkisfjehirðir, að greiða þeim Jóhannesi Jóhannessyni, bæjarfógeta, Einari

Arnórssyni prófessor og Bjarna Jónssyni docent, er kosnir voru til að skipa hinn íslenska hluta hinnar dansk-íslensku ráðgjafarnefndar til 30. nóvbr. 1926, sbr. tilsk. 28. maí 1919, hina árlegu þóknun 2000 krónur til hvers með $\frac{1}{12}$ fyrirfram mánaðarlega frá 1. þ. m.“

Er því haldið fram af stefnanda og því eigi mótmælt, að Alþingi hafi, þegar er kosning nefndarmanna fór fram, verið kunnugt um þáverandi launakjör nefndarmanna, og af þinginu hvorki þá nje síðar verið gjörðar neinar athugasemdir við greiðslu launanna, eins og þau í upphafi hafi verið ákveðin, eða sett neitt skilyrði þar að lútandi, nje heldur fjárhagsnefndir þingsins fundið að launakjörum þessum eftir að hafa athugað landsreikningana og athugasemdir yfirskoðunarmanna reikninganna, og fjárhagsnefndirnar ekki einu sinni talið þörf á að leita fjárveitingar á aukafjárlögum fyrir launagreiðslu þessari, sem upprunalega hafi verið miðuð við launakjör dönsku nefndarmannanna og þannig tekið hana sem hverja aðra sjálfsagða og óhjákvæmilega greiðslu, þar til að á Alþingi f. á. að fjárveitingarnefnd neðri deildar hafi lagt til, eða meiri hluti hennar, að fjárhæð sú, er landsstjórnin hafði ákveðið, yrði færð niður, þannig að hver nefndarmanna skyldi í ársþóknun að eins hafa kr. 500,00 og hafi tillaga þessi verið samþykkt á þinginu, og nefndarmönnum samkvæmt því tjáð af fjármálaráðherra, að frá síðustu áramótum yrði þeim greidd ársþóknun þessi mánaðarlega að $\frac{1}{12}$.

Er það álit stefnanda að með þessu hafi verið rofnir samningar um laun þeirra, er gjörðir hafi verið við forsætisráðherra eins og að framan greinir og síðan samþykktir af Alþingi, um að þeir skyldu hafa 2000 krónur að árslaunum það tímabil, er þeir voru kosnir fyrir, eða til 30. nóvbr. 1926.

Krefst stefnandinn þess fyrir rjettinum, að honum verði með dómi viðurkendur rjettur til þess að fá greiddan úr ríkissjóði Íslands sem þóknun fyrir starf sitt í fyrnefndri ráðgjafarnefnd kr. 2000,00 á ári, með $\frac{1}{12}$ fyrirfram frá 1. jan. 1923 til 30. nóvbr. 1926, svo og að fjármálaráðherra verði fyrir hönd ríkissjóðs dæmdur til að greiða honum (stefnanda) málskostnað að skaðlausu eða eftir mati dómarans.

Af hálfu verjanda málsins f. h. ríkissjóðs er það eigi viðurkent að af sækjanda hálfu sje færðar sönnur fyrir því í málinu, að stjórnin hafi samið við hann eða hina aðra nefndarmenn um 2000 kr. ársþóknun til loka kjörtímabilsins, enda þótt launa-

upphæð þessi hafi verið tiltekin svo í upphafi og síðan greidd án þess að Alþingi gjörði nokkurn fyrirvara um launakjörin, og mótmælir hann að svo hafi verið tilætlast, enda sanni fyr tilvitnað brjef til ríkisfjehriðis eigi þetta, og þó svo mætti skilja útgjalda-skipun brjefs þessa, þá hafi stjórnin eigi haft heimild til þess að semja um þetta á eindæmi sitt, eða án þess að leita samþykkis þingsins þar að lútandi. Telur verjandi og ólíklegt að þingið hafi ætlast til að fyrgreind laun nefndarmanna hjeldust óbreytt undir öllum kringumstæðum, eða þrátt fyrir breytingu á verðgildi peninga þar til í lok kjörtímabilsins, og ekki nema sanngjarnt að þóknun þessi breyttist eftir því, og þar sem því eigi hafi verið haldið fram af stefnanda, að Alþingi hafi beinlínis samþykkt neitt um það, hversu launin skyldu vera, hljóti það að hafa óbundnar hendur í því efni, að eigi sje útilokað að það lækkaði launa-upphæðina fyrir hin síðari ár kjörtímabilsins, ef því sýndist svo. Loks heldur verjandi málsins því fram, að þótt sækjandi líti svo á, að hjer sje um þegjandi samþykki að ræða, sem skuldbindandi væri ef einstaklingar settu hlut að máli, þá sje öðru máli að gegna þegar stjórn eða Alþingi eigi hjer annarsvegar hlut að máli, því þá komi til greina sjerreglur löggjafarinnar um það, á hvern hátt þing og stjórn geti skuldbundið ríkið til fjárgreiðslu, sem sje að annaðhvort þurfi að liggja fyrir sjerstök lög, sem með berum orðum heimili greiðsluna og upphæð hennar, eða þá að heimildin verði að vera fyrir hendi í fjárlögum, en þá gildi hún vitanlega að eins fyrir það fjárhagstímabil, sem þau eru sett. Er það því álit verjanda, að þar sem fyr umgetin þóknun eigi hafi verið ákveðin með lögum, verði nefndarmenn að hlýta því, sem ákveðið er í hverjum fjárlögum fyrir sig, eða að þeir eigi geti krafist hærri greiðslu, en þar sje ákveðin, en auðvitað neitað að gegna starfinu, ef þeim þyki greiðslan oflág.

Af framangreindum ástæðum mótmælir stefndur kröfum sækjanda um launagreiðsluna, svo og málskostnaðar kröfu hans, og krefst þess, að stefndum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati rjettarins.

Í niðurlagi 16. gr. fyrgreindra sambandslaga, um stofnun og starfsvið ráðgjafarnefndarinnar, er svo fyrirmælt, að konungur eftir tillögum frá stjórn beggja landa setji nánari fyrirmæli um tilhögun og starfsemi nefndarinnar, og í 8. gr. tilskipunar þar að lútandi, útg. 28. maí 1919, er ákveðið, að þóknun sambands-nefndarmanna skuli ákveðin af hinu danska og hinu íslenska fjár-

veitingarvaldi hvoru um sig handa sínum nefndarmönnum, og á sama hátt skuli ákveðið um greiðslu annars kostnaðar, sem starf nefndarinnar kunni að hafa í för með sjer.

Hvorki í sambandslögunum nje tilskipuninni, er fyr greinir, er fjárveitingarvaldinu, þ. e. konungi og Alþingi, settar neinar skordur fyrir því hve há eða lág launabóknunin til nefndarmanna skuli vera, nje heldur fyrir því, hvort hún skuli ákveðin fyrir lengri eða skemri tíma í senn, en þar sem fjárveitingarvaldinu einu er falið að taka ákvörðun um veiting og greiðslu bóknunar þessarar, svo og annars kostnaðar við störf nefndarinnar, virðist það ótvírætt benda til, að það sje gjört á fjárlögum hverjum eða að eins fyrir það tímabil í hvert sinn, er þau gilda fyrir, og enda þótt Alþingi hafi, er kosning nefndarmanna fór fram á sínum tíma, verið kunnugt um lofaða fjárveiting af hálfu stjórnarinnar til nefndarmanna, sem og líklegt er, og eigi þá haft neitt við launakjör þessi að athuga, og síðar samþykkt þau árlega óbeinlínis, verður eigi þar af ráðið með neinni vissu, hvort ætlast hafi verið til að launin hjeldust þannig óbreytt út kjörtímabil nefndarmanna og með 4. lið C. 10. gr. núgildandi fjárlaga, hvarmed fjárveiting samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar, 12000 krónur, er lækkuð niður í 7500 krónur, sem samsvarar lækkun á launum nefndarmanna eftir því, sem upplýst er í máli þessu, eða 2000 kr. niður í 500 kr. árlega, virðist augljóst vera að fjárveitingarvaldið fyrir sitt leyti eigi hefir viðurkennt að það, með því sem á undan er gengið og fyr greinir, hafi samþykkt að árslaun til nefndarmanna skyldu vera hin sömu út kjörtímabil þeirra, eða til 30. nóvbr. 1926. Það væri og tilgangslaust þar sem sjerstök lagaheimild er eigi fyrir hendi og gagnstætt anda og fyrirmælum 37. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920, að skylda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóð til þess að fullnægja launakröfum stefnanda, en um persónulega ábyrgð hans eða fyrverandi ríkisstjórnar er eigi að ræða.

Ber því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda. Málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

